

Nokkrar spurningar frá Jóhanni Ársælssyni, Kristjáni L. Möller og Jóni Gunnarssyni vegna máls no: 428

1. Yfirlit og skipting eftir sveitarfélögum og nýjum kjördæmum á afla krókaflamarksbáta sbr. 2. gr b. sem fellur út, samkv. frv. skipt eftir tegundum.

3. mgr. verður nýtt ákvæði til bráðabirgða við lögin og jafnframt koma tveir nýir málsliðir í stað 1. másl., svohljóðandi: Á fiskveiðiarinu 2004/2005 er sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samtals 500 lestum af ýsu, 500 lestum af steinbít og 150 lestum af ufsa, miðað við óslægðan fisk, til krókaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaflamarksbáta. Á fiskveiðiarinu 2005/2006 skal ráðherra úthluta með sama hætti 250 lestum af ýsu, 250 lestum af steinbít og 75 lestum af ufsa.

Athugasemdir við 2. gr.

Í b-lið þessarar greinar er lagt til að heimild ráðherra til úthlutunar aflaheimilda til krókaflamarksbáta minnki um helming frá yfirstandandi fiskveiðiarinu til ársins 2004/2005 og loks aftur um helming frá því ári til ársins 2005/2006. Í ljósi þess að lagt er til að heimildin falli síðan niður þykir fara betur á því að ákvæðið sé gert að bráðabirgðaákvæði.

2. Yfirlit yfir veiddan afla á línu skipt eftir tegundum og skipt eftir sveitarfélögum og nýjum kjördæmum, síðast liðin fimm fiskveiðiar.

3. Yfirlit og skipting á byggðakvóta eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum, sem fellur út samkv. frumvarpinu.

3a. Byggðakvóti sem Byggðastofnun útdeilir.

3b. Byggðakvóti sem ráðherra útdeilir.

4. Yfirlit yfir úthlutaðan byggðakvóta nú nýlega (ráðherrakvóti)

4a Hjá hverjum hefur verið samþykkt?

4b. Hjá hverjum hefur verið frestað / hafnað.

4c. Hvaða dagsetningar hafa verið í gangi varðandi þennan kvóta.

5. Yfirlit yfir úthlutanir á kvóta samanber 9. gr síðustu 5 fiskveiðiár, hverjir hafa fengið og hvers vegna ?

5a. Dagsetningar á úthlutun v. 9. gr.

5b. Dagsetningar á úthlutun á “ restinni “

6. Hvenær hófst vinna í ráðuneytinu við gerð þessa frumvarps ?

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Þá getur ráðherra ákveðið að eftirstöðvum aflaheimilda, sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 1. másl., eða hluta þeirra, verði ráðstafað í samráði við Byggðastofnun til stuðnings byggðarlögum, þannig:

7. Hvaða byggðalög að mati ráðuneytisins myndu koma til greina m.v. stöðuna í dag á úthlutun byggðakvóta samanber 2 gr. a.

a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum á bolfiski.

8. Hvaða byggðalög að mati ráðuneytisins myndu koma til greina m.v. stöðuna í dag á úthlutun byggðakvóta samanber 2 gr. b.

b. Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum.

9. Hver verður skipting á þessum afla (3.375 tonnum) skipt eftir ársfjórðungum:

9a. Sept – nóv.

9b. des – febr.

9c. Mars – maí.

9d. Júní – ágúst.

Línuvinnun í þorski skal á hverju fiskveiðiári takmarkast við 3.375 lestir af óslægðum þorski og skal það magn skiptast innan hvers fiskveiðiárs á fjögur þriggja mánaða

tímabil frá 1. september að telja, hlutfallslega með hliðsjón af þorskveiðum línubáta á árinu 2002.

10. Hver verður heildar niðurskurður í tonnum talið og skipt eftir tegundum samanber þetta frumvarp þ.e. vegna byggðakvótanna og úthlutunar til krókaaflamarksbáta sbr. 2. gr. Skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum

11. Hvert er leiguverð m.v. daginn í dag á þessum 3.375 tonnum ?

12. Hvert er söluverð á þessum 3.375 tonnum af þorski m.v. daginn í dag.

13. Hvert er líklegt upphafshámark af ýsu og steinbít til línuívilunar 1. febr. 2004.